

Alþingi  
Atvinnuveganefnd  
sent rafrænt á [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Ísafirði 13. mars 2018

*Umsögn 148 . löggjafarþing 2017–2018. Þingskjal 253 — 179. mál. Stjórnartillaga.  
Tillaga til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.*

Fjórðungssamband Vestfirðinga (FV) telur mikilvægt að sett sé fram pólitísk stefnumörkun um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Vöntun á stefnu hefur valdið töfum og óvissu þegar ekki liggur fyrir hvernig sé að móta slíka stefnu og hvernig aðkoma sveitarfélaga sé tryggð að mótun hennar. Það er hinsvegar ágalli á að ráðherra hafi ekki leitað samráðs við sveitarfélögin áður en tillagan var lögð fram á Alþingi.

Áður en farið verður í einstaka liði stefnumótunar þá telur FV að við mótun tillögunnar vanti almennt áhersluorðið jafnræði. Hér er átt við að ekki einasta þurfi jafnvægi í kerfinu heldur jafnræði milli landshluta, milli litilla og stórra fyrirtækja milli stórra markaða og smárra. Jafnræði þýði að notendur njóti allir sams konar þjónustu.

Um A lið tillögunnar.

3. liður. Skýra verður nánar hvað átt er við með lykilsvæðum, en með virkjanaáformum á Vestfjörðum kemur landshlutinn mun sterkar inn enn áður, en virkjanir í undirbúningi og eða eru til rannsóknar geta framleitt allt að 150 MW og í heild allt að 180 MW. Landshlutinn er utan gos og jarðskjálftabelta og getur því orðið lykilsvæði í að tryggja orku skapist neyðarástand s.s. vegna eldgosu og eða jarðskjálfta.

Tekið er undir ákvæði að tryggja beri afhendingaröryggi raforku um land allt, en Vestfirðir hafa verið fram til þessa verið það svæði sem búið hefur við hvað minnst raforkuöryggi.

4. liður. Nýting jarðstrengja er mikilvæg í þeim tilgangi að minnka umhverfisáhrif á viðkvæmum svæðum. Skilgreining á hálendi þarf hinsvegar að liggja skýrar fyrir.

5. liður. Lagt er til að bætt sé hér við og horft sé einnig til jafnræðis íbúa og atvinnulífs að fá sambærilegt aðgengi að raforku m.t.t. afhendingaröryggis og flutningskostnaðar.

7. liður. FV leggur ríka áherslu á þetta atriði tillögunnar nái fram.

9. liður. Nýting jarðstrengja er takmörkuð með tilliti til hagkvæmni og kerfisuppbyggingar. Finna verður samspil jarðstrengja og loftlína með tilliti til staðsetningu virkjana, tengipunkta og orkukaupenda (fyrirtæki og samfélög) en það er takmörkunum háð. Því er hér um takmörkuð gæði að ræða, sem augljóst er að vinna verður í samstarfi fleiri en eins sveitarfélags og gæta að efnahags, samfélags og umhverfislegum ávinningi. FV leggur því ríka áherslu samvinnu stjórnvalda við sveitarfélög um þetta atriði og aðalskipulag og í tilfellum svæðisskipulag sveitarfélaga, sé lagt til grundvallar.

15. liður. Þrátt fyrir ákvæði um hagkvæmni þá leggur FV áherslu á að gert sé ráð fyrir í áætlunum að mögulegt verði að afhenda meiri orku en lágmarkseftirspurn segir til um í dag. Gefa verður þeim landssvæðum þar sem byggð hefur verið undanhaldi, tækifæri

(sveigjanleika) á að byggja sig upp að nýju. Komið verði þannig í veg fyrir að þar sem orkuafhending er telst óhagkvæm í dag vegna of lítillar eftirspurnar, leiði til þess hindra uppbyggingu atvinnustarfsemi síðar meir. Þetta á við víða á Vestfjörðum til að mynda og má þar vísa til áhrifa mats Orkuspárnefndar, sem til þessa hefur gegnið út frá áframhaldandi fólksfækkun, sem leiðir til tregðu um eflingu flutningskerfis.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri

Viðauki.

*Minnispunktur um stöðu virkjana og flutningskerfis raforku á Vestfjörðum;*

Ekki hefur verið tekin ákvörðun um staðsetningu tengipunkts í innanverðu Ísafjarðardjúpi og tengingu hans við landskerfið og tengingu við sunnan og norðanverða Vestfirði og Strandir (hringtenging flutningskerfis raforku á Vestfjörðum).

Fyrir liggur að Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði hefur verið samþykkt innan Rammaáætlunar í nýtingarflokk, eins hefur matsáætlun fyrir umhverfisáhrif virkjunarinnar verið afgreidd með ábendingum Skipulagsstofnunar. Ljúka þarf nauðsynlegum rannsóknum á virkjunarstæði áður en lengra er haldið. Sveitarstjórn Arneshrepps hefur í þessu samhengi samþykkt deiliskipulagsbreytingu og veitt framkvæmdaleyfi til vegagerðar vegna rannsókna á virkjunarstæði. Aðrir virkjanakostir eru við norðanvert Ísafjarðardjúp (Austurgil og Skúfnavötn) og hafa verið teknir til athugunar í Rammaáætlun 3.

Ítrekað er að lykilþáttur fyrir framkvæmd þessara verkefna er staðsetning tengipunkts í Ísafjarðardjúpi og hringtenging flutningskerfis um Vestfirði. Hér skal einnig bent á að veitt hafa verið rannsóknarleyfi fyrir a.m.k. þrem virkjunum vestanmegin við Ísafjarðardjúp sem tengja verður við orkunotendur á Vestfjörðum og við landskerfið. Áætlað afl framangreindra virkjana er hátt í 150 MW, þar af um 110 MW frá; Hvalárvirkjun, Austurgilsvirkjun og virkjun tengd nýtingu Skúfnavatna. En afl þeirra virkjana sem eru á Vestfjörðum í dag er um 25 MW.

Fyrirséð er aukin eftirspurn er eftir raforku á Vestfjörðum (lauslegt mat 100 GhW og aflþörf um 20 MW) en innan landshlutans eru einungis framleidd um 40 % (um 100 GhW) af núverandi notkun (260 GhW) og er landshlutinn því mjög háður aðflutningi orku frá öðrum hlutum landsins. Núverandi flutningskerfi raforku inn til Vestfjarða á megin aðflutningsstað þ.e. Mjólka er hinsvegar óviðunandi en áætlanir um úrbætur hafa ekki náð fram vegna mikillar óhagkvæmni. Krafa sveitarfélaga á Vestfjörðum er að aukin orkuframleiðsla innan landshlutans geri svæðið sjálfbært varðandi orkunotkun. Einnig munu nýjar virkjanir innan svæðis bæta mjög flutningsgetu raforkukerfisins og því miklar líkur á að uppbygging flutningskerfis tengdum virkjunum sé hagkvæm.